

**REGLUR**  
**um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994,**  
**með áorðnum breytingum, sbr. 667/2001 og 519/2012.**

1. gr.

**Gildissvið og skilgreiningar.**

- [1.1. Ákvæði þessara reglna taka til allra íslenskra skipa og báta, með mestu lengd 6 metra eða meira. Reglurnar taka til gamalla farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001, fram að þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í f-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 666/2001. Reglurnar taka þó ekki til nýrra farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum og háhraðafarþegafara, eins og þessi skip og för eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001. Reglurnar, að undanskildum ákvæðum 7. gr., ásamt tilheyrandi viðaukum, um losunar- og sjósetningarbúnað uppblásanlegra björgunarfleka (gúmmíbjörgunarbáta), taka heldur ekki til nýrra fiskiskipa, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. reglugerðar nr. 26/2000. Nema annað sé sérstaklega tekið fram er lengd skipa, sem er tilgreind í þessum reglum, skráningarlengd, eins og hún er skilgreind í reglugerð nr. 527/1997 fyrir skip styttri en 24 metrar og lengd og 2. gr. reglugerðar nr. 26/2000 fyrir skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.]<sup>1)</sup>
- 1.2. Íslensk skip, er falla undir ákvæði alþjóðlegra samninga um öryggi mannlífa á hafinu og Ísland er aðili að skulu jafnframt uppfylla ákvæði þeirra samninga.

[Reglurnar gilda ekki um fiskiskip sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, sbr. 4. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 122/2004]

1.3. Skilgreiningar:

1. **Björgunarfar** er far, sem ætlað er til björgunar manna í hafsnauð.
2. **Lífbatúur** (a rigid lifeboat) er björgunarfar gert úr tré, áli, stáli, trefjaplasti eða öðru sambærilegu efni.
3. **Gúmmíbjörgunarbátur** (an inflatable liferaft) er björgunarfar, sem er uppblásanlegt en geymt óuppblásið og tilbúið til notkunar.
4. **Slöngubjörgunarbátur** (liferaft) er björgunarfar, sem er uppblásið og tilbúið til sjósetningar.
5. **Léttbátur** (rescue boat) er björgunarfar, sem ávallt er tilbúið til sjósetningar, ætlað til aðstoðar í nánd við skipið.
6. **Björgunarhringur** er hringur úr flothæfu föstu efni, sem skal ekki vera stærri í þvermál en 800 mm, innra þvermál ekki minna en 400 mm og getur borið 14,5 kg af járn í ferskvatni í 24 tíma.
7. **Björgunarvesti** (lifejacket) er fleytibúningur til að íklæðast.
8. **Björgunarbúningur** er einangrandi þurrubúningur ætlaður til að koma í veg fyrir ofkælingu.
9. **Endurskinsmerki** er merki, sem endurkastar ljósi.
10. **Kasthringur** (rescue quoit) er lítill flothringur með 30 m línu.
11. **Flotlykkja** er flothæft kastbelti með 30 m línu, sem kasta má til nauðstadds manns.
12. **[Losunarbúnaður gúmmíbjörgunarbáts er:**
  - a) Handvirkur búnaður sem losar festingar gúmmíbjörgunarbátsins.
  - b) Sjóstýrður búnaður sem losar festingar gúmmíbjörgunarbátsins.]<sup>2)</sup>
13. **[Sjósetningarbúnaður** er tæki/fyrirkomulag til að flytja björgunarfar eða léttbát frá geymslustað í sjóinn.]<sup>3)</sup>

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

14. **Handblys** er kyndill sem haldið er á.
15. **Flugeldur** er blys sem skotið er á loft.
16. **Línubysa** er áhald búið til að skjóta flaug með línu.
17. **Björgunarnet** er net til að auðvelda að ná manni um borð í skip.
18. **Siglingaljós** er ljósker til að greina stöðu og stefnu skips.
19. **Öryggislitur** (safety colour) er skær/áberandi litur til að auðvelda að koma auga á skip.
20. **Farþegar** eru allir þeir, sem ekki eru í áhöfn skips eða eru starfandi um borð vegna skipsins. Börn undir eins árs aldri teljast ekki til farþega.
21. **Nýtt skip** er skip sem hafin er smíði á eftir gildistöku þessarar reglna.
22. **Gamalt skip** er skip sem ekki er nýtt.
23. **[Farþegaskip** er hvert það skip sem ætlað er að flytja farþega.
24. **Skemmtibátur** er bátur sem ætlaður er til íþróttá og tómsunda.]<sup>4)</sup>

## 2. gr.

### Viðurkenning og fyrirkomulag búnaðar o. fl.

- 2.1. Öll björgunar- og öryggistæki og tengdur búnaður, þ.m.t. lögboðin siglingatæki, eru háð viðurkenningu [Siglingastofnunar Íslands]\*.
- 2.2. Óski framleiðandi eftir viðurkenningu skal hann leggja inn til [Siglingastofnunar Íslands]\* fullnægjandi teikningar og upplýsingar um búnaðinn ásamt prófunarskýrslum viðurkennds prófunaraðila, þar sem fram kemur að búnaðurinn hafi verið prófaður skv. aðferð sem [Siglingastofnun]\* hefur samþykkt. Siglingamálastjóra er heimilt að viðurkenna búnað á annan hátt telji hann það jafngilt. Ekki má breyta samþykktum búnaði án samþykkis [Siglingastofnunar Íslands]\*.  
Allur búnaður sem sótt er um viðurkenningu á til [Siglingastofnunar Íslands]\* skv. reglum þessum, skal prófaður hjá óháðum aðila í samræmi við nánari ákvörðun [Siglingastofnunar Íslands]\*.
- 2.3. Sérhver bátur eða skip, sem undir þessar reglur fellur, skal ávallt hafa um borð þann búnað sem krafist er skv. reglum þessum og þann búnað, sem tilgreindur er fyrir viðkomandi stærð af skipi í tilsvarende töflum.
- 2.4. Skipsjóra ber að sjá um að allur öryggis- og björgunarbúnaður sé í lagi, að honum sé vel við haldið og sé ávallt tilbúinn til notkunar. Honum ber ennfremur að sjá svo um, að skipverjum sé leiðbeint um staðsetningu og notkun björgunar- og öryggistækja. Skipstjóra ber einnig að sjá svo um, að allar undan- og aðkomuleiðir, þ.m.t. neyðarútgangar að björgunartækjum skipsins, séu greiðfærar.
- 2.5. Öllum björgunar- og öryggisbúnaði skal þannig komið fyrir um borð í skipum, að hann sé vel aðgengilegur, þurfi að grípa til hans. Staðsetning björgunar- og öryggistækja er háð samþykki [Siglingastofnunar Íslands]\*.
- 2.6. Þegar fyrirhuguð er nýsmíði skipa, breytingar á gömlu skipi, sem áhrif hefur á staðsetningu björgunar- og öryggisbúnaðar og neyðarútganga, eða innflutningur skips, skal senda [Siglingastofnun Íslands]\* til athugunar og samþykkis teikningu, er sýni gerð og staðsetningu björgunar- og öryggisbúnaðar skipsins.
- 2.7. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til staðsetningar björgunarbúnaðar:
  1. Björgunartæki skal staðsetja sem næst vistarverum áhafnar og þar sem áhöfnin er við störf.
  2. Hvorki stóðir stög né aðrar hindranir skulu vera í vegi við losun og sjósetningu björgunarbáta. Skal sérstaklega hugað að því, að gúmmíbjörgunarbátur geti ekki lent inn undir neðri þilför skips eða skorðast af undir handriðum eða masturstögum.
  3. Björgunarbelti og björgunarbúninga skal geyma á áberandi stað eða í hirslum, sem eru skýrt merktar.
  4. Flugelda og blys skal geyma í vatnsheldu ílátí á áberandi merktum stað.

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

- 2.8. Leiðbeiningar um notkun öryggistækja, svo sem línubýssu, flugelda og slökkvitækja skulu vera á íslensku og/eða með skýrum myndatextum.

3. gr.

**Björgunarvesti og björgunarbúningar.**

- 3.1. Öll skip sem reglur þessar ná til, skulu búin björgunarvestum fyrir alla um borð með þeim frávikum sem getur í 3.3. og 3.4. Óheimilt er að hafa í skipum óviðurkennd björgunarvesti.
- 3.2. Björgunarvesti, sem ekki eru klædd endurskinsefni, skulu búin fjórum endurskinsmerkjum 5 x 15 cm að stærð eða sex merkjum 5 x 10 cm að stærð.
- 3.3. Í flutningaskipum er falla undir ákvæði Alþjóðarsamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) er heimilt að samþykkja björgunarbúninga skv. gr. 3.5. í stað björgunarvesta.
- 3.4. Á skipum styttri en 12 m má meta björgunarbúninga jafngilda björgunarvestum.
- 3.5. [Öll skip sem reglur þessar ná til skulu búin björgunarbúningum fyrir alla um borð.]<sup>1</sup>
- 3.6. Björgunarbúninga skal staðsetja ofan við aðalþilfar. Þegar það er eigi unnt án meiriháttar breytinga á skipinu, er [Siglingastofnun Íslands]\* heimilt að samþykkja aðra staðsetningu í skipum minni en 24 m.
- 3.7. Björgunarbúningar skulu skoðaðir skv. nánari fyrirmælum [Siglingastofnunar Íslands]\*.
- 3.8. [Um borð í bátum undir 12 metrum sem notaðir eru í atvinnuskyni skal vera viðurkenndur vinnufatnaður fyrir alla um borð, sem er einangrandi og búinn floti.]<sup>5)</sup>

4. gr.

**Björgunarhringir.**

- 4.1. Öll skip skulu búin björgunarhringjum, einum eða fleiri.
- 4.2. Ef fjöldi þeirra björgunarhringja, sem tilgreindur er í töflum, er tveir eða fleiri, skal helmingur þeirra búinn sjálfkveikjandi ljósgjöfum, sem festir eru við þá. Ef fjöldi björgunarhringja, sem krafist er, er sex eða fleiri skulu tveir af þeim björgunarhringjum, sem búnir eru sjálfvirkum ljósgjöfum jafnframt búnir sjálfvirkum reykmerkjum. Bjarghringir þessir skulu staðsettir einn hvoru megin, tilbúnir til sjósetningar frá stjórnþalli, eða sem næst útgöngu frá stjórnþalli.
- 4.3. Fjöldi, staðsetning og gerð björgunarhringja á farþega- og vöruflutningaskipum skulu vera skv. töflu III, eða fleiri í samræmi við kröfur í reglu 7, kafla III í SOLAS 1974.
- 4.4. A.m.k. einn björgunarhringur og einn á hvorri hlið skipsins, þegar fjöldi björgunarhringja er sex eða fleiri, skal búinn flothæfri línu. Línan skal vera a.m.k. 27,5 m löng. Þessir björgunarhringir mega ekki bera sjálfkveikjandi ljós.
- 4.5. Við skutrennu fiskiskipa, þar sem gert er ráð fyrir að afli sé tekinn um borð, skulu vera tveir björgunarhringir sem búnir eru ljósgjöfum, sinn hvoru megin.
- 4.6. Björgunarhringi skal merkja varanlega og greinilega með skipaskrárnúmeri.
- 4.7. Björgunarhringir skulu búnir fjórum endurskinsmerkjum, 5 cm breiðum, sem fest eru utan um hringina með jöfnu millibili.
- 4.8. Á bátum allt að 8 m að lengd má hafa flothæfan kasthring eða flotlykkju í stað björgunarhrings.
- 4.9. Í skipum, utan farskipa, sem hafa skulu fleiri en einn björgunarhring, er heimilt að hafa flotlykkju í stað eins björgunarhrings með línu.

5. gr.

**Björgunarför.**

- 5 1 *Stærðir gúmmíbjörgunarbáta og staðsetning.*
- [5.1.1. Ekki má nota minni en 6 manna gúmmíbjörgunarbáta í skipum sem eru stærrí en 15 metrar að lengd]<sup>6)</sup>
- 5.1.2. Gúmmíbjörgunarbátum skal þannig fyrir komið um borð í skipum, að auðvelt sé að grípa til þeirra og koma þeim í sjó. Á skipum, sem hafa tvo eða fleiri

---

<sup>1</sup> Rg. 519/2012, 1. gr.

gúmmíbjörgunarbáta, skal bátunum sem næst jafndreift á bæði borð. Miðað skal við burðargetu. Á skipum þar sem brottfararstaður í gúmmíbjörgunarbáta er lægri en 4,5 m yfir sjólinu létthlaðins skips, er heimilt að nota gúmmíbjörgunarbáta, sem varpað er fyrir borð. Á nýjum skipum þar sem brottfararstaður gúmmíbjörgunarbáta er hærrí en 4,5 m yfir sjólinu létthlaðins skips, skal vera hægt að sjósetja gúmmíbjörgunarbátinn fullhlaðinn frá brottfararstað, samkvæmt neyðaráætlun viðkomandi skips. Gúmmíbjörgunarbátar, sem ekki eru í losunar- og sjósetningarbúnaði skv. 7 gr. þessara reglna, skulu búnir sjálfvirkum sleppibúnaði sé þess krafist í gildandi alþjóðasamþykkt eða íslenskum reglum.

- 5.1.3. Gúmmíbjörgunarbátar stærri en 12 manna skulu staðsettir við skipshlið, þannig að sjósetning sé auðveld án búnaðar, ella skulu þeir sjósettir með sjósetningarbúnaði sem óháður er orku skipsins.

5.2. *Björgunarför fiskiskipa.*

5.2.1. [...] <sup>7)</sup> <sup>14)</sup>

[5.2.2. Fiskiskip sem er styttra en 12 m að lengd skal búið gúmmíbjörgunarbáti sem rúmar a.m.k. alla skipverja.] <sup>15)</sup>

- 5.2.3. Fiskiskip 12 til 30 m að lengd skal búið tveimur eða fleiri gúmmíbjörgunarbátum sem samanlagt rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja.
- 5.2.4. Fiskiskip 30 til 45 m að lengd skal, til viðbótar því sem tilgreint er í lið 5.2.3. hér að ofan, búið léttbáti með vél, sem rúmar minnst fimm menn. Heimilt er að hafa lokaðan vélknúinn lífbát, sem rúmar alla skipverja, í stað eins gúmmíbjörgunarbáts. Ef lífbáturinn uppfyllir einnig kröfur um léttbáta er heimilt að falla frá kröfu um sérstakan léttbát.
- 5.2.5. Fiskiskip 45 m eða lengra skal búið björgunarbátum skv. einum af eftirgreindum liðum.
- A. Minnst þremur gúmmíbjörgunarbátum, sem samanlagt rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja, og vélknúnum léttbáti sem rúmar a.m.k. sex menn.
  - B. Tveimur lífbátum, sem hvor um sig rúmar alla skipverja, og gúmmíbjörgunarbátum, sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja. Lífbátarnir skulu vera staðsettir hvor á sinni hlið skipsins og skal að minnsta kosti annar þeirra vera vélknúinn.
  - C. Einum vélknúnum lífbáti sem rúmar alla skipverja og gúmmíbjörgunarbátum sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja. Fyrirkomulag og staðsetning lífbátsins skal vera á þann veg að setja megi bátinn út til beggja hliða skipsins eða aftur af því.
  - D. Slöngubjörgunarbáti, einum eða fleiri, sem hver um sig rúmar alla skipverja. Vélknúnum léttbáti sem rúmar minnst sex menn og gúmmíbjörgunarbátum, sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja. Sé skipið búið tveimur slöngubjörgunarbátum skulu þeir staðsettir hvor á sinni hlið skipsins. Ef aðeins er einn slöngubjörgunarbátur, skal staðsetning hans og fyrirkomulag vera á þann veg, að setja megi bátinn út til beggja hliða skipsins eða aftur af því.

5.3. *Björgunarför vöruflutningaskipa.*

- 5.3.1. Um vöruflutningaskip, sem er minna en 200 brl. að stærð, gilda ákvæði gr. 5.2. þessara reglna og þá miðað við lengd skips.
- 5.3.2. Vöruflutningaskip 200 til 500 brl. skal búið björgunarförum skv. einum eftirtalinna liða:
- A. Tveimur eða fleiri gúmmíbjörgunarbátum, sem samanlagt rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja svo og vélknúinn léttbát, sem rúmar minnst 5 menn.
  - B. Yfirbyggðan vélknúinn lífbát, sem jafnframt uppfyllir kröfur um léttbát og hægt er að sjósetja á bæði borð, eða fellur aftur af skipinu, og rúmar alla skipverja svo og tvo gúmmíbjörgunarbáta, sem samanlagt rúma alla skipverja.
  - C. Tveimur lífbátum, einum hvoru megin, sem hvor um sig rúmar alla skipverja og tvo gúmmíbjörgunarbáta, sem samanlagt rúma alla skipverja, svo og vélknúinn léttbát,

er rúmar 5 manns. Ef annar lífbáturinn er vélknúinn og uppfyllir einnig kröfur um léttbáta, er heimilt að falla frá kröfu um sérstakan léttbát.

D. Einum lífbát, og einum gúmmíbjörgunarbát á gagnstætt borð, sem hvor um sig rúmar alla skipverja, svo og einn eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta sem samanlagt rúma alla skipverja. Einnig vélknúinn léttbát sem rúmar 5 manns. Ef lífbáturinn er vélknúinn og uppfyllir einnig kröfur um léttbáta er heimilt að falla frá kröfu um sérstakan léttbát.

5.3.3. Vöruflutningaskip 500 brl. og stærri og skip, sem falla undir gildandi Alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) skulu hafa þau björgunarför, sem samþykktin mælir fyrir um.

5.3.4. Vöruflutningaskip, 500 brl. að stærð og stærri, sem smíðuð eru eftir gildistöku þessara reglna skulu, þar sem ákvæði alþjóðasamþykktanna mæla fyrir um lífbáta, búin yfirbyggðum lífbátum af viðurkenndri gerð.

[5.4. *Björgunarför farþegaskipa.*

5.4.1. Á farþegaskipum, sem gildandi alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu, frá 1974, SOLAS 74, með áorðnum breytingum, nær til, skulu vera um borð björgunarför í samræmi við þá samþykkt.

5.4.2. Farþegaskip, önnur en þau sem tilgreind eru í 5.4.1. og eru smíðuð fyrir 1. janúar 2001, skulu hafa björgunarför fyrir minnst 110% þess fjölda manna sem er um borð. Á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert er þó heimilt að leyfa björgunarför fyrir sama fjölda manna og er um borð.

5.4.3. Farþegaskip, sem sigla á ám eða vötnum, skulu hafa björgunarför fyrir að minnsta kosti þann fjölda manna sem er um borð.]<sup>8)</sup>

[5.5. *Björgunarför skemmtibáta og annarra skipa.*

5.5.1. Skemmtibátar, sem eru 8 m að lengd og lengri, skulu hafa björgunarför fyrir alla um borð.

5.5.2. Siglingastofnun Íslands ákveður hverju sinni hvaða björgunarförum önnur skip skulu búin en þau sem um getur í 5 gr. þessara reglna.]<sup>9)</sup>

6. gr.

#### **Merking björgunarfara.**

6.1. Á hvern lífbát og slöngubjörgunarbát skal merkja með skýrum og varanlegum stöfum stærð bátsins og fjölda þeirra manna, sem báturinn er gerður fyrir. Þá skal skrá beggja megin á bóg bátsins nafn og heimahöfn skips þess, sem báturinn tilheyrir eða skipaskránum.

6.2. Á sérhvern gúmmíbjörgunarbát og umbúðir hans eða geymsluhylki skal skrá þann fjölda manna, sem báturinn er gerður fyrir, nafn framleiðanda, framleiðsluár og númer. Á umbúðir bátsins skal skrá dagsetningu síðustu skoðunar og nafn þess eftirlitsaðila sem skoðaði.

6.3. Á báða hliðar lífbáta skal, upp við og ofan á borðstokk með 80 cm millibili, festa endurskinsmerki. Nægilegt er að hafa fjögur merki á hvorri hlið og hvorum borðstokk á bátum sem eru lengri en 7,3 m (24 fet) og þrjú á styttri bátum. Þar sem hlífðartjalds er krafist á björgunarbátum skulu tvö merki, eins og að ofan greinir, límd í kross á miðjan topp tjaldsins.

6.4. Léttbátar skulu búnir tveimur til fjórum endurskinsmerkjum á hvorri hlið þannig að sjáanleg séu af sjó og úr lofti. Sé á þeim hlífðartjald skal á það límdur kross eins og ofan greinir.

6.5. Gúmmíbjörgunarbátar skulu búnir endurskinsmerkjum skv. nánari ákvæðum er [Siglingastofnun Íslands]\*setur.

7. gr.

**[Losunar- og sjósetningarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta.**

- 7.1. *Flutningaskip og farþegaskip.*
- 7.1.1. Flutningaskip og þau skip, sem falla undir ákvæði alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu frá árinu 1974, með síðari breytingum (SOLAS), skulu vera búin losunarbúnaði á gúmmíbjörgunarbátum í samræmi við reglu III/38.6 í SOLAS (sjá II. viðauka).
- 7.1.2. Farþegaskip, önnur en þau sem falla undir gr. 7.1.1., skulu vera með losunarbúnað þar sem unnt er að losa gúmmíbjörgunarbátana frá skipinu með einu handtaki á staðnum. Ennfremur skulu gúmmíbjörgunarbátarnir vera tengdir losunarbúnaði sem losar þá frá skipinu fyrir áhrif sjávar og fjarstýrðum búnaði sem einnig losar bátana frá skipinu með einu handtaki frá stjórnþalli eða öðrum hentugum stað. Tryggja skal virkni búnaðarins gagnvart sjósetningu gúmmíbjörgunarbáts þó skipið hafi allt að 10° stafnhalla á hvorn veginn og allt að 20° slagsíðu til hvorrar hliðar.<sup>10)</sup>
- [7.2. *Skip, sem eru styttri en 15 m og notuð eru í atvinnuskyni, önnur en skip sem falla undir gr. 7.1.*
- 7.2.1. Á skipum þessum, sem skylt er að hafa einn eða fleiri gúmmíbjörgunarbáta, skal a.m.k. einn gúmmíbjörgunarbátur, sem rúmar alla um borð, vera búinn losunarbúnaði þannig að unnt sé að losa bátinn frá skipinu með einu handtaki á staðnum.
- 7.2.2. Ennfremur skal gúmmíbjörgunarbáturinn vera tengdur annað hvort losunarbúnaði sem losar gúmmíbjörgunarbátinn sjálfvirkt frá skipinu fyrir áhrif sjávar eða fjarstýrðum búnaði sem losar bátinn með einu handtaki frá stjórnþalli eða öðrum hentugum stað.
- 7.2.3. Heimilt er að tengja ræsingu uppblásturs gúmmíbjörgunarbátsins við fjarstýringuna og/ eða sjálfvirka losun hans.
- 7.3. *Skip, sem eru 15 m að lengd eða lengri og notuð eru í atvinnuskyni, önnur en skip sem falla undir gr. 7.1.*
- 7.3.1. Skip þessi skulu búin losunarbúnaði í samræmi við gr. 7.2.1. – 7.2.2., sem jafnframt er sjósetningarbúnaður, sem sjósetur bátinn og ræsir uppblástur hans sjálfvirkt.
- 7.3.2. Skip þessi skulu hafa á hvorri hlið a.m.k. einn gúmmíbjörgunarbát með losunar- og sjósetningarbúnaði og skal hver gúmmíbjörgunarbátur rúma a.m.k. helming skipverja.
- 7.3.3. Á skipum, sem eru 15 m að lengd eða lengri en styttri en 24 m, er heimilt að vikið sé frá staðsetningu eins af gúmmíbjörgunarbátunum, sem kveðið er á um í gr. 7.3.2. og að sá gúmmíbjörgunarbátur sé án sjósetningarbúnaðar ef öryggi skipverja er betur tryggt á þann hátt að mati Siglingastofnunar Íslands.
- 7.4. *Sjálfvirkur búnaður og fjarstýring.*
- 7.4.1. Á skipum, sem eru 12 m að lengd eða lengri og falla undir gr. 7.2 eða gr. 7.3., skal búnaðurinn vera bæði sjálfvirkur og fjarstýrður.
- 7.5. *Frágangur og fyrirkomulag.*
- 7.5.1 Losunarbúnaður og sjósetningarbúnaður skal uppfylla kröfur um staðsetningu, fyrirkomulag, álag, ísingu og virkni (sjá III. viðauka).
- 7.6. *Merking hylkja gúmmíbjörgunarbáta vegna sjálfvirks uppblásturs.*
- 7.6.1. Um gúmmíbjörgunarbáta, sem komið er fyrir í losunar- og sjósetningarbúnaði og gengið hefur verið frá á þann hátt að þeir byrji að blásast upp um leið og þeir losna, gildir eftirfarandi: Á hylkjum bátanna skal vera límíði með upplýsingum um frágang tengingarfangalínunnar.
- 7.7. *Skoðun og eftirlit búnaðar*
- 7.7.1. Losunar- og sjósetningarbúnað skal skoða árlega í samræmi við fyrirmæli Siglingastofnunar Íslands\*.

- 7.7.2. Siglingastofnun er heimilt að veita sérstökum aðilum starfsleyfi til að annast skoðun og viðhald losunar- og sjósetningarbúnaðar.
- 7.8. *Skip, sem voru smíðuð fyrir 1. september 1999 og eru með eldri búnað eða eru án búnaðar.*
- 7.8.1. Á skipum, sem voru smíðuð fyrir 1. september 1999, er heimilt að hafa þann sjósetningarbúnað sem var um borð þann 1. september 1999 og viðurkenndur var skv. eldri reglum um losunar- og sjósetningarbúnað.
- 7.8.2. Búnaðurinn skal þó uppfylla kröfur þessara reglna um staðsetningu og fyrirkomulag um borð við fyrstu búnaðarskoðun sem fer fram eftir 1. janúar 2000.
- 7.8.3. Á skipum, sem voru smíðuð fyrir 1. september 1999, og hafa ekki þann lágmarksfjölda af losunar- og sjósetningarbúnaði, sem krafist er skv. gr. 7.3., skal uppsetningu búnaðar, sem krafist er skv. sömu grein, lokið eigi síðar en við fyrstu búnaðarskoðun sem fer fram eftir 1. janúar 2000.
- 7.9. *Undanþágur.*
- 7.9.1. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita sérhverju skipi, öðru en farþegaskipi eða fiskiskipi, undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef öryggi skipverja er tryggt á annan hátt að mati stofnunarinnar. Þetta getur t.d. átt við um skip starfrækt innan hafnar-svæða eingöngu, svo sem flotkvíar, flotbryggjur og pramma.<sup>11)</sup>

#### 8. gr.

##### **Annar búnaður.**

- 8.1. Skip skulu hafa blys og flugelda í samræmi við töflur I, II og III. Flugeldar og handblys skulu endurnýjuð á fjögurra ára fresti, en fyrr ef vafi leikur á gæðum þeirra.
- 8.2. Skip skulu búin línubyssu með skotum ásamt línu í samræmi við töflu II og III. Heimilt er að nota línubyssu fyrir eitt skot, eða línubyssu af gerð, sem nota má til að skjóta fleiri skotum. Þar sem krafist er fjögurra skota skulu fylgja tveir flothausar.
- 8.3. Skip stærri en 15 m að lengd skulu búin a.m.k. einum ljóskastara. Skal langdrægni hans miðuð við að lýsing sé minnst 1 lux í þeirri fjarlægð sem hér segir:
- | Stærð skips          | Langdrægni ljóskastara |
|----------------------|------------------------|
| Skip 15 til 24 m:    | 450 m                  |
| Skip 24 til 45 m:    | 750 m                  |
| Skip 45 m og lengri: | 1000 m                 |
- 8.4. Í öllum skipum 15 m og lengri skal vera sérstaklega útbúið net eða jafngildur búnaður til að ná manni úr sjónum.
- 8.5. Í öllum skipum 24 m að lengd eða lengri og öllum tvíþilja fiskiskipum skal vera lóðsstigi.
- 8.6. Á borðháum skipum þar sem brottfararstaður í björgunarfarar er hærri en 3 m skal vera einn stigi við sjósetningarstað á hvorri hlið skipsins og ná niður að sjólínu miðað við létthlaðið skip. Framangreint á við þar sem ekki er inngreypstur stigi eða jafngildi við sjósetningarstað.
- 8.7. Á öllum nýjum fiskiskipum skal vera fastur inngreypstur stigi á hvorri hlið skipsins, sem nær að sjólínu, eða er ekki meira en 0,5 m fyrir ofan sjólínu létthlaðins skips.
- 8.8. Búnaður björgunarfara skal fullnægja ákvæðum viðauka við reglur þessar.
- 8.9. Á skipum lengri en 15 m skulu brottfararstaðir í björgunarför svo og allar undankomu-leiðir frá vistarverum, vinnslurýmum og vélarúmum, merktar með viðurkenndum táknum og lýstar með neyðarlýsingu.

#### 9. gr.

##### **Eftirlit og viðhald björgunarfara.**

- 9.1. Öll björgunarför eru háð árlegu eftirliti [Siglingastofnunar Íslands]\*.

- 9.2. Gúmmíbjörgunarbátar skulu skoðaðir a.m.k. einu sinni á ári á sérstökum þjónustustöðvum, er hlotið hafa leyfi siglingamálastjóra til að annast eftirlit og viðhald gúmmíbjörgunarbáta.
- 9.3. Siglingamálastjóri setur þjónustustöðvum gúmmíbjörgunarbáta starfsreglur\* um menntun starfsmanna, húsnæði og annað er að þjónustunni lýtur. Starfsleyfi skal gefa út til takmarkaðs tíma, þó aldrei lengur en til 5 ára í senn.
- \* sjá reglugerð um þjónustustöðvar gúmmíbjörgunarbáta, nr. [588/2002](#).
- 9.4. Að lokinni skoðun gúmmíbjörgunarbatanna, útfyllir skoðunarmaður skýrslu um skoðunina í þríriti. Heldur eftirlitsstöðin einu eintaki, annað eintak skal afhent skipstjóra til varðveislu og þriðja eintakið skal afhent [Siglingastofnuninni]\*.

10. gr.

#### **Siglingatæki og sjókort.**

- 10.1. Í öllum skipum skal vera einn fast uppsettur vökvaáttaviti sem sést vel á frá stýrisstað og uppfyllir kröfur ISO staðals 2269. Í skipum 12 m og lengri skal rós áttavita ekki vera minni en 100 mm í þvermál. Í skipum styttri en 12 m er heimilt að hafa áttavita með minna þvermáli rósar.
- 10.2. Á skipum 30 m og stærri skulu vera tveir uppsettir áttavitar. Skal annar þeirra vera vökvaáttaviti. Sé annar áttavitinn gíróáttaviti skal vökvaáttavitinn þannig staðsettur, að hægt sé að sjá hann frá stýristað skipsins og einnig skal vera hægt að nota hann til siglingafræðilegra athugana. Flutninga- og farþegaskip 500 brl. og stærri smíðuð eftir 1. september 1984 skulu búin gíróáttavita.
- 10.3. Uppsettum áttavitum skal komið fyrir sem næst miðlangskurðarfleti skipsins og þannig, að segulskekkju verði haldið innan hæfilegra marka með réttum búnaði. Slíkum áttavitum skal eftir því, sem aðstæður leyfa komið fyrir sem fjærst öllu járn, sérlega hreyfanlegum hlutum. Rafalar, rafmótorar, rafgeymar og önnur rafmagnstæki skulu höfð það langt frá áttavitum að þau trufla þá ekki. Einnig skal gæta þess að rafmagnsleiðslur í námunda við áttavita hafi ekki truflandi áhrif á þá. Áttavitar skulu ávallt lýstir á viðunandi hátt.

#### **Nánari skilgreining staðsetningar áttavita er í eftirfarandi viðauka úr samþ. IMO nr. 382 (x) um áttavita.**

Staðsetning.

1. Seguláttavitar og búnaður þeirra skal staðsettur, ef mögulegt er, í eða sem næst miðlínu skips. Stýrisstrikið skal gefa til kynna stefnu skipsins með nákvæmninni  $0,5^\circ$ .
2. Aðaláttaviti skal staðsettur þannig, að frá honum megi óhindrað gera siglingafræðilegar athugindir. Stýrisáttaviti skal vera þannig staðsettur, að gott sé að lesa á hann frá stjórnveli skipsins.
3. Seguláttaviti skal staðsettur eins langt frá segulmögnum efnismössum og hægt er. Minnsta fjarlægð aðaláttavita frá segulmögnum efni, sem er hluti skipsins skal vera í samræmi við kröfur [Siglingastofnunar]\*. Meðfylgjandi línurit sýnir viðmiðanir (almennar) um æskilegar lágmarksfjarlægðir milli segulmagnaðra hluta og aðaláttavita. Æskilegar lágmarksfjarlægðir fyrir stýrisáttavita er heimilt að minnka niður í 65% af þeim gildum, sem gefin eru í línuriti að því gefnu að engin fjarlægð sé minni en 1 m. Ef eingöngu er um að ræða stýrisáttavita, skal nota gefnar fjarlægðir fyrir aðaláttavita, að svo miklu leyti sem mögulegt er.
4. Fjarlægð seguláttavita frá rafmagns- og segulmögnum tækjum skal vera að minnsta kosti jöfn þeirri öruggu fjarlægð, sem upp er gefin fyrir tækið og [Siglingastofnun]\* hefur viðurkennt.

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.



Heilir segulmagnaðir efnismassar s.s. plötur, skilrúm.

..... Ytri brúnir segulmagnaðra efnismassa, t.d. efri brúnir þilja, skilja og skilrúma. Ytri brúnir burðarbíta, stög, stytur, bómur, siglur og tilsvandi. Segulmagnaðir hreyfanlegir efnismassar, s.s. daviður (bátuglur), loftræstibúnaður, hurðir, o.fl. stærri einingar með breytilegu segulsviði, t.d. reykháfar.

- 10.4. Allir áttavitar eiga að vera leiðréttir og leiðréttingartafla eða segulskekkjulínurit skal ávalt vera aðgengilegt. Í öllum skipum þar sem ekki er færð bók yfir segulskekkjuathuganir skal á ekki meira en tveggja ára millibili gerð fullkomin áttavitaleiðrétting. Einnig skal leiðrétta áttavita oftar ef ástæða þykir til vegna viðgerða, breytinga á skipi eða af öðrum ástæðum. Leiðrétting og skoðun áttavita skal vera í höndum manna sem til þess hafa hlotið viðurkenningu siglingamálastjóra.
- 10.5. Sérhvert skip skal hafa nýjustu útgáfu nauðsynlegra sjókorta, þ.e. yfirsiglinga- og sérkort. Nauðsynleg tæki skulu vera til að setja út í sjókort svo og vitaskrár, flóðtöflur og nauðsynlegar leiðsögubækur fyrir þau svæði sem fyrirhugað er að sigla um. Leiðréttingar, sem fram koma eftir útgáfu korts og birtar eru í tilkynningum til sjófarenda skulu færðar inn í kortin. Aðrar leiðréttingar sem birtar eru skal heimfæra þar sem við á.
- 10.6. Skip 15 m og lengri skulu hafa vegmæli. Vegmælar mega vera patent-, þrýsti- eða gegnstreymisvegmælar. Einnig vegmælar og hraðamælar sem innbyggðir eru í siglingatæki.

#### 11. gr.

##### **Siglingaljós, merki og öryggislitir.**

- 11.1. Öll skip skulu hafa siglinga- og merkjaljós þau sem alþjóðasiglingareglur gera ráð fyrir og ennfremur hin fyrirskipuðu dagmerki. Fyrirkomulag og styrkleiki siglingaljósa skal vera skv. alþjóðasiglingareglum.
- 11.2. Skip, 24 m og lengri skulu hafa alþjóðamerkjafánann G = "mig vantar hafnsögumann" og skýringar á alþjóðamerkjum á spjöldum í brú. Skip 45 m og lengri skulu búin alþjóðamerkjafánum og merkjabók/leiðbeiningum.
- 11.3. Til vara skulu vera eftirtalin ljósker, sem óháð eru aðalvélum skipsins; hliðarljós, toppljós, afturljós, akkerisljós og tvö rauð ljós til að sýna að skip sé ekki undir stjórn. Undanþegin þessu eru fiskiskip minni en 15 m, ennfremur fiskiskip 15 til 30 m, hafi þau fleiri en einn rafal eða varaljósavél ofan þilfars, sem gefið getur orku til siglingaljósa. Þó skulu skip í þessum stærðarflokki búin rauðu ljósunum tveimur, sem að ofan getur.
- 11.4. Á öllum skipum 6 m eða lengri, en undir 30 m að lengd, skal ávalt vera til taks hvítt ljósker, handlukt eða vasaljós, sem gefur frá sér skæra birtu.
- 11.5. Á skipum 15 m og lengri skulu vera borð varaperur fyrir hvert ljósker.
- 11.6. Farið skal að alþjóðasiglingareglum varðandi tæki til hljóðmerkja. Frávik eru heimil á skipum undir 8 m.
- 11.7. *Öryggislitir.*
  - 11.7.1. Öll skip allt að 15 m að lengd skulu vera með öryggislit á stýrishúsi eða siglu, ef um seglskip er að ræða. Öryggisliturinn skal vera sem hér segir: Á þakbrún stýrishúss skal vera rönd a.m.k. 15 cm breið kringum húsið en á seglbátum án stýrishúss a.m.k. 0,2 m<sup>2</sup> flötur á siglu, ofan yfirbyggingar.
  - 11.7.2. Á skipum, sem eru án stýrishúss, eða með stýrishús þar sem ekki er hægt að uppfylla kröfu um 15 cm breiða rönd við þakbrún stýrishúss, er staðsetning öryggislitar heimil að því tilskildu:
    - að öryggisliturinn sjáist vel allan hringinn í kringum skipið,
    - að öryggisliturinn sé á yfirbyggingu, skjólbörðum eða föstum búnaði ofan við borðstokk/þilfar skipsins,
    - að heildarflatarmál öryggislitar sé ekki minna en 1,0 m<sup>2</sup>,
    - að rendur öryggislitar séu minnst 7,5 cm breiðar.

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

11.7.3. Öryggislitur skal vera rauður endurskinslitur eða öryggislitur sem uppfyllir gildi skv. sænska staðlinum SS 019102:

Litartónn: Y60R – Y70R

Litarstyrkur: C 90

Sverta: S = 00-05

Rauð “Fluorcent” málning telst jafngildi ofangreindar öryggismálningar.

12. gr.

#### **Annar búnaður.**

- 12.1. Í sérhverju skipi 12 m og lengra skal vera eintak af eftirfarandi ritum og bókum: almanak, sjómannaalmanak ef um fiskiskip er að ræða
- lög um eftirlit með skipum
  - siglingalög
  - alþjóðasiglingareglur
  - sjómannaölög og auk þess þær aðrar reglur og bækur, sem siglingalög mæla fyrir um og eitt eintak af reglum þessum.
- 12.2. Í sérhverju skipi 8 m eða lengra, skal leiðbeiningarspjöldum um notkun gúmmí-björgunarbáta og leiðarvísi um merkjagjafir við björgun úr sjávarháska komið fyrir á áberandi stað í skipinu.
- 12.3. Skip búin miðunarstöð skulu hafa um borð skrá yfir radióvita.
- 12.4. Öll skip skulu búin þjóðfána. Hann skal vera hæfilega stór með tilliti til stærðar skipsins og skal hann líta óaðfinnanlega út.
- 12.5. Í skipum 24 m og lengri skal hengja upp neyðaráætlun, þar sem fram koma verkefni og skyldur skipverja, þegar hættu ber að höndum svo og teikning af fyrirkomulagi öryggisbúnaðar. Í sömu skipum skal koma fyrir neyðarmerkjabúnaði, þ.e. bjöllum eða sírenum, sem nota skal til að gera viðvart um yfirvofandi hættu. Sé neyðarmerkjabúnaðurinn tengdur aðalraforkubúnaði skipsins skal hann jafnframt tengdur neyðarraforkugjafa þess. Stjórnun búnaðarins skal vera í brú. Hljóðmerkin skulu vera auðheyrnleg og auðgreinanleg í vistarverum og á öðrum þeim svæðum þar sem gera má ráð fyrir að menn séu að störfum.

Hljóðmerkin skulu vera sem hér segir:

1. Almenn viðvörðun: sjö stutt og eitt langt, endurtekið.

2. Viðvörðun um eldsvoða: síendurtekið stutt merki.

3. Fyrimæli um að skipið skuli yfirgefið: stöðugur hljómur.

Stutt hljóð varir í um það bil 1 sekúndu.

Langt hljóð varir í 4 til 6 sekúndur.

13. gr.

#### **Björgunar- og eldvarnaræfingar.**

- 13.1. Um borð í skipum er falla undir gildandi Alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa (Torremolinos), þegar hún hefur tekið gildi, skal halda björgunar- og eldvarnaræfingar, í samræmi við þær. Skip 24 m og lengri, sem ekki falla undir ofangreindar samþykktir, skulu halda björgunar- og eldvarnaræfingar einu sinni á 3 mánaða fresti. Björgunar- og eldvarnaræfingar skulu færðar á eftirlitsbók skips.

14. gr.

#### **Gildistaka o.fl.**

- 14.1. Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari, þegar sérstökum ástæðum er um að dreifa, ef annað fyrirkomulag, efni eða búnaður telst jafngilt að mati [Siglingastofnunar Íslands]\*.
- 14.2. Falli af einhverjum ástæðum niður viðurkenning á búnaði sem heimilt var að nota fram að gildistöku þessarar reglugerðar, er heimilt að nota slíkan búnað áfram þar til siglinga-

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

málastjóri ákveður annað, enda komi ekkert fram við árlega skoðun er dragi úr upphaflegu gildi búnaðarins.

- 14.3. Brot gegn ákvæðum reglna þessara varða refsingu samkvæmt VII. kafla laga nr. 35, 30 apríl 1993 um eftirlit með skipum<sup>[1]</sup>.
- 14.4. Reglur þessar eru settar skv. lögum nr. 35, 30 apríl 1993 um eftirlit með skipum,<sup>[1]</sup> staðfest hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um björgunarbúnað og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985 ásamt breytingum nr. 171/1987, 80/1988, 412/1988, 130/1990 og 316/1991.  
[Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, og öðlast gildi sem hér segir:

Fyrir skip 8 m og lengri 1. janúar 2013.

Fyrir skip styttri en 8 m 1. janúar 2014.]<sup>2</sup>

*Samgönguráðuneytið, 21. mars 1994.*

**Halldór Blöndal.**

---

<sup>2</sup> Rg. 519/2012, 2. gr.

1] Sbr. nú [l. nr. 47/2003](#)

---

*Ragnildur Hjaltadóttir.*

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

TAFLA I.  
Búnaður 4ra manna gúmmíbjörgunarbáta  
Equipment in 4 man Icelandic liferafts.

| Heiti<br>Name  | Flokkar<br>Class                 |   |   |   |
|--|----------------------------------|---|---|---|
|  |                                  | 1 | 2 | 3 |
| 1. Flothæfur kasthringur með 30 m langri línu<br>Buoyant rescue quoit with 30 m buoyant line               |                                  | X | X | X |
| 2. Hnífur<br>Knife   |                                  | X | X | X |
| 3. Ósökvanleg austurtrog<br>Buoyant bailer   |                                  | X | X | X |
| 4. Svampur<br>One sponge   |                                  | X | X | X |
| 5. Vararekakkeri<br>Reserve sea anchor   |                                  | X |   |   |
| 6. 2 stk. ósökvanlegar árar<br>Two buoyant paddles   |                                  | X | X |   |
| 7. Dósahnífur<br>One can opener  |                                  | X | X | X |
| 8. ½ lyfjakista nr. 4 (sjá viðauka)*<br>½ first aid box no. 4 (see appendix)                               |                                  | X | X |   |
| 9. Flauta<br>One whistle   |                                  | X | X | X |
| 10. 2 fallhlífarflugeldar<br>Two rocket parachute flares   |                                  | X | X | X |
| 11. 3 handblys<br>Three handflares   |                                  | X | X | X |
| 12. Vatnspétt vasaljós með aukarafhlöðum<br>Waterproof electric light with spare set of batteries and bulb |                                  | X | X | X |
| 13. Notkunarreglur á íslensku<br>Instruction in Icelandic language   |                                  | X | X | X |
| 14. 160 g sykur fyrir hvern mann<br>160 g sugar for each person  |                                  | X |   |   |
| 15.A 0,5 lítra vatn fyrir hvern mann<br>0,5 liter water for each person                                    |                                  | X |   |   |
| 15.B 0,25 lítrar vatn fyrir hvern mann   |                                  |   | X | X |
|  | 0,25 liter water for each person |   |   |   |
| 16. Drykkjarmál, ryðfrítt<br>One rustproof drinking cup  |                                  | X | X | X |
| 17. Varmapoki fyrir hvern mann<br>Thermal protective aid for each person                                   |                                  | X | X | X |
| 18. Loftdæla<br>One air pump (bellow)  |                                  | X | X | X |
| 19. Viðgerðarbúnaður með lekatoppum á 20<br>Repair kit with leak stoppers                                  |                                  | X | X | X |
| 20. Neyðarsendir á 121,5 og 243 MHz<br>Emergency radio beacon on 121,5 and 243 MHz                         |                                  | X | X | X |

Flokkur nr. 1 Heimilaður til notkunar í skip allt að 15 m að lengd (sjá gr. 5).

Flokkur nr. 2 Heimilaður til notkunar í skip allt að 12 m að lengd.

Flokkur nr. 3 Heimilaður til notkunar í skip allt að 8 m að lengd.

\* sjá gr. 4.1.6. í [rg.um](#) heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. [365/1998](#), sjá lista yfir sjúkragögn í viðauka I flokki D

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í  
Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

TAFLA II.  
**Búnaður skipa allt að 15 metrar.**  
Fiskiskip og vinnubátar      Skemmti- og farþegabátar

| * Stærð skipa í m           | 6 - 12            | 12 - 15           | 6 - 12            | 12 - 15           |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Áttaviti                    | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            |
| Björgunarbúningur           |                   | 3.5.              |                   | 3.5.              |
| Björgunarför                | 5.2.2.            | 5.2.3.            | 5.4.<br>og 5.5.   | 5.4.<br>og 5.5.   |
| Björgunarvesti              | 3.1. / 3.4.       | 3.1.              | 3.1.              | 3.1.              |
| Björgunarhringir            | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            |
| Flugeldar                   | 3 stk.            | 4 stk.            | 3 stk.            | 4 stk.            |
| Handblys                    | 3 stk.            | 4 stk.            | 3 stk.            | 4 stk.            |
| Ljóskestari                 |                   |                   |                   |                   |
| Lyfjaskrín skv. regl. J13** | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            |
| Sjókort                     | 10.5              | 10.5              | 10.5              | 10.5              |
| Sjónauki                    |                   | 1 stk.            |                   | 1 stk.            |
| Skipsklukkur                |                   |                   |                   |                   |
| Vatnsheld vasaljós          | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            |
| Þokulúður                   | 1 stk.            |                   | 1 stk.            |                   |
| Flauta og bjalla            |                   | 11.6.             |                   | 11.6.             |
| Þjóðfáni                    | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            | 1 stk.            |
| Siglingaljós og merki       | 11.1. og<br>11.4. | 11.1. og<br>11.4. | 11.1. og<br>11.4. | 11.1. og<br>11.4. |

\* Stærð er mesta lengd      \*\* sjá [rg. um](#) heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. 365/1998. sjá lista yfir sjúkragögn í viðauka I flokki C

TAFLA III  
**Búnaður fiskiskipa 15 metrar og lengri.**

| Stærð skipa í metrum        | 15 - 24 m | 24 - 30 m | 30 - 45 m | 45 og lengri |
|-----------------------------|-----------|-----------|-----------|--------------|
| Áttaviti                    | 1 stk.    | 1 stk.    | 2 stk.    | 2 stk.       |
| Bergmálsdýptarmælir         | 1 stk.    | 1 stk.    | 1 stk.    | 1 stk.       |
| Björgunarbúningar           | 3.5.      | 3.5.      | 3.5.      | 3.5.         |
| Björgunarför                | 5.2.3.    | 5.2.3.    | 5.2.4.    | 5.2.5.       |
| Björgunarvesti              | 3.1.      | 3.1.      | 3.1.      | 3.1.         |
| Björgunarhringir            | 2 stk.    | 4 stk.    | 6 stk.    | 8 stk.       |
| Flugeldar                   | 6 stk.    | 8 stk.    | 10 stk.   | 12 stk.      |
| Handblys                    | 6 stk.    | 8 stk.    | 10 stk.   | 12 stk.      |
| Ísaxir, barefli             | 4 stk.    | 6 stk.    | 8 stk.    | 10 stk.      |
| Léttbátar                   |           |           | 5.2.4.    | 5.2.5.       |
| Línubysur/skot með línu     | 2 stk.    | 3 stk.    | 4 stk.    | 4 stk.       |
| Ljóskestari                 | 1 stk.    | 1 stk.    | 1 stk.    | 1 stk.       |
| Loftvog                     | 1 stk.    | 1 stk.    | 1 stk.    | 1 stk.       |
| Lyfjaskrín skv. regl. J13** | 1 stk.    | 1 stk.    | 1 stk.    | 1 stk.       |
| Miðunarskífa                |           |           |           | 1 stk.       |
| * Morslampi (daglampi)      |           | * 1 stk.  | 1 stk.    | 1 stk.       |
| Neyðaráætlun, bjöllur       |           | 12.5.     | 12.5.     | 12.5.        |
| Flauta og bjalla            | 11.6.     | 11.6.     | 11.6.     | 11.6.        |
| Sextant og sjóúr            |           |           |           |              |
| Skipsklukkur                | 1 stk.    | 1 stk.    | 2 stk.    | 2 stk.       |
| Sjókort                     | 10.5.     | 10.5.     | 10.5.     | 10.5.        |

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

|                       |        |        |        |        |
|-----------------------|--------|--------|--------|--------|
| Sjónauki              | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 2 stk. |
| Vegmælir              | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Þjóðfáni              | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Merkjafánar           | 11.2.  | 11.2.  | 11.2.  | 11.2.  |
| Siglingaljós og merki | 11.1.  | 11.1.  | 11.1.  | 11.1.  |
| Björgunarnet          | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Vasaljós              | 1 stk. | 1 stk. |        |        |

\* Skal vera í skipum 24 m og lengri sem sigla milli landa.

\*\* sjá [rg. um](#) heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. [365/1998](#), sjá lista yfir sjúkragögn í viðauka I flokki A og B

TAFLA IV.  
Búnaður vöruflutninga- og farþegaskipa.

| Stærð skipa í metrum                | 15 m - 200 brl | 200 - 500 brl | > 500 brl             |
|-------------------------------------|----------------|---------------|-----------------------|
| Áttaviti                            | 2 stk.         | 2 stk.        | * <sub>1</sub> 2 stk. |
| Bergmálsdýptarmælir                 | 1 stk.         | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Björgunarbúningar                   | 3.5.           | 3.5.          | 3.5.                  |
| Björgunarför                        | 5.2.           | 5.3.2.        | 5.3.3.                |
| * <sub>2</sub> Björgunarhringir     | 4 stk.         | 6 stk.        | 8 stk.                |
| Björgunarvesti                      | 3.1.           | 3.1.          | 3.1., 3.3.            |
| Flugeldar                           | 8 stk.         | 10 stk.       | 12 stk.               |
| Handblys                            | 8 stk.         | 10 stk.       | 12 stk.               |
| Ísaxir, barefli                     | 4 stk.         | 8 stk.        | 10 skk.               |
| Léttbátar                           |                |               | 1 stk.                |
| Línubysur                           | 2 stk.         | 4 stk.        | 4 stk.                |
| Ljósastari                          | 1 stk.         | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Loftvog                             | 1 stk.         | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Lyfjaskrín skv. regl. J13**         | 1 stk.         | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Miðunarskífa                        |                | 1 stk.        | 1 stk.                |
| * <sub>3</sub> Morslampi            |                | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Neyðaráætlun, bjöllur og teikningar | 12.5.          | 12.5.         | 12.5.                 |
| Flauta og bjalla                    | 11.6.          | 11.6.         | 11.6.                 |
| Sextant og sjóúr                    |                | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Skipsklukkur                        | 1 stk.         | 2 stk.        | 2 stk.                |
| Sjókort                             | 10.5.          | 10.5.         | 10.5.                 |
| Sjónauki                            | 1 stk.         | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Vegmælir                            | 1 stk.         | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Þjóðfáni                            | 1 stk.         | 1 stk.        | 1 stk.                |
| Merkjafánar                         | 11.2.          | 11.2.         | 11.2.                 |
| Siglingaljós og merki               | 11.1.          | 11.1.         | 11.1.                 |
| Björgunarnet                        | 1 stk.         | 1 stk.        | 1 stk.                |

\*<sub>1</sub> Skip sem smíðuð eru eftir 1. september 1984 skulu búin einum gíróttavita

\*<sub>2</sub> Sjá gr. 4.1.1.

\*<sub>3</sub> Skal vera í skipum yfir 150 brl sem sigla milli landa.

\*\* Sjá rg. um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. [365/1998](#), sjá lista yfir sjúkragögn í viðauka I flokki A.

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

VIÐAUKI  
Búnaður björgunarfara.

**1. Búnaður lífbáta.**

1. Flothæfar árar í öll ræði sem fest eru við bátinn með keðju eða á annan hátt.
2. Tveir krókstjakar.
3. Flothæf ausa og tvær fötur.
4. Tvær axir, hvor í sínum enda bátsins.
5. Góður áttaviti í náthúsi, lýstur á viðunandi hátt.
6. Vatnsþétt vasaljós, sem nota má til merkjagjafa, ásamt vararahlöðu og peru í vatnsþéttum umbúðum.
7. Merkjagjafaspegill til dagnota.
8. Leiðbeiningar um merkjagjafir milli björgunar- og skipbrotsmanna á vatnsheldu spjaldi.
9. Leiðbeiningahandbók um björgun.
10. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys.
11. Tvö flothæf reykmerki (til dagnota).
12. Flauta til hljóðmerkjagjafar.
13. Rekakkeri með langri, sterkri línu.
14. Tvær bátsfestar sín úr hvorum enda bátsins.
15. Tvær 30 m flotlínur með kasthring.
16. Vatnsþétt ílát með 3 l á mann, eða með 2 l á mann ásamt tæki til að framleiða 1 l á mann á dag. Einnig ryðfrí ausa í taug og ryðfrítt drykkjarílát.
17. Matarskammtur (minnst 10.000 kj = kílójoule) fyrir hvern mann, sem báturinn rúmar, í loftþéttum ílátum og vatnsþéttum umbúðum.
18. Lyfjaskrín nr. 4, skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.\*  
\*Sjá rg. um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. [365/1998](#).
19. Hnífur með dósaskerara, festur við bátinn.
20. Handdæla.
21. Varmapoki fyrir hvern mann, sem báturinn ber.
22. Radarspegill.
23. Leitarljós, sem dugar samfellt í 3 klst.
24. Fiskilína með sökku og öngli.
25. Handverkfæri til minni lagfæringa á vél og tilheyrandi.
26. Handslökkvitæki til að slökkva olíuelda.



27. [Siglingastofnun]\* getur veitt undanþágu frá ákvæðum 17. – 24. t.l. hér að framan, ef ferðum skipsins er þannig háttað, að mati hennar, að ónauðsynlegt megi teljast.

## 2. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta.

### 2.1. Sex manna gúmmíbjörgunarbátar og stærri.

1. Flothæfur kasthringur með a.m.k. 30 m langri flotlínu.
2. Gúmmíbjörgunarbátur, fyrir sex til ellefu menn, skulu búnir tveimur hnífum og einu austurtrogi, en stærri bátar tveimur hnífum og tveimur austurtrogum.
3. Tveir svampar.
4. Tvö rekakkeri með línu; annað skal varanlega fest við gúmmíbjörgunarbátinn, hitt til vara.
5. Tvær árar.
6. Viðgerðarútbúnaður, sem hægt er að nota til að gera við leka á lofthólfum.
7. Lofthanddæla, sem hægt er að tengja við stúta á bátnum til þess að bæta á hann lofti, ef með þarf og dæla upp tvöfalda botninn.
8. Þrjú dósahnífar, þar sem þeirra er þörf.
9. Lyfjaskrín nr. 4\* í vatnspéttum umbúðum, sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár. Að auki sjóveikispoki fyrir sérhvern í bátnum.

\* sjá gr. 4.1.6. í rg. um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. [365/1998](#), sjá lista yfir sjúkragögn í viðauka I flokki D

10. Ryðfrítt drykkjarílát með mælistrikum.
11. Vatnspétt vasaljós hæft til morssendinga, ásamt einni vararaflöðu og varaperu í vatnspéttum umbúðum.
12. Spegill og flauta til merkjagjafa.
13. Fjórir fallhlífaflugeldar, sem gefa frá sér skært rautt ljós í mikilli hæð.
14. Tvö flothæf reykdúfl.
15. Sex handblys, sem gefa frá sér skært rautt ljós.
16. Handfæri ásamt önglum og sökku.
17. Matarskammtur (10.000 kj = kílójoule) fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera, pakkaður inn í loftþéttar umbúðir í vatnspéttum kassa.
18. Vatnspétt ílát, er hafa að geyma 1,5 l af vatni fyrir hvern mann, sem báturinn er ætlaður fyrir. Í staðinn fyrir þriðjung vatnsins má hafa hentugt tæki, sem getur framleitt sama magn af drykkjarvatni á tveimur sólarhringum.
19. Leiðbeiningar við fyrstu viðbrögð og hvernig auka megi lífslíkur þeirra, sem í bátnum eru, prentaðar á efni, sem þolir vætu.
20. Eitt eintak af leiðbeiningum um merkjagjafir við björgun úr sjávarháska.
21. Einn varmapoki fyrir hvern mann í bátnum.
22. Neyðarsendir á neyðartíðnum 121,5 og 243 MHz.
23. Eitt eintak af sérríti Siglingamálastofnunar ríkisins um notkun gúmmíbjörgunarbáta.

2.2. Þegar um **farþegaskip** er að ræða í svo stuttum ferðum að einhver sá búnaður, sem upp er talinn í 2.1. þykir ónauðsynlegur að áliti [Siglingastofnunar]\*, er henni heimilt að leyfa að einn eða fleiri gúmmíbjörgunarbátar séu aðeins búnir því, sem tekið er fram í 1. – 7., 9. og 19. t.l. hér að framan og helmingi þess, sem getið er í 13., 14. og 15. t.l. Aðrir gúmmíbjörgunarbátar skulu búnir því, sem tekið er fram í 1. – 7. og 19. t.l.

2.3. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í **fiskiskipum** skal vera sá sami og kveðið er á um í gr. 2.1. Þó, að því undanskildu að heimilt er að minnka magn drykkjarvatns í 18. t.l. um 0,5 l fyrir hvern mann, sem báturinn er ætlaður fyrir.

2.4. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í **öðrum skipum** en um getur í 2.2. og 2.3. skal vera sá sem tilgreindur er í 2.1.

### 3. Búnaður léttbáta

#### 3.1. Fiskiskip yfir 30 m að lengd.

1. Flothæfar árar í öll ræði og ein varaár.
2. Krókstjaki.
3. Austurtrog.
4. Flothæfur kasthringur með 30 m langri línu.
5. Fangalína a.m.k. 10 m löng.
6. Sex rauð handblys

#### 3.2. Kaupskip

Búnaður léttbáta flutningaskipa og farþegaskipa skal vera skv. 47. reglu í III. kafla Alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu 1974 (SOLAS) með áorðnum breytingum. Samþykkja má lífbát sem léttbát enda uppfylli hann einnig kröfur um léttbát skv. reglu 26.2 í III. kafla SOLAS 1974.

### 4. Búnaður slöngubjörgunarbáta

1. Eitt sett af flothæfum árum.
2. Krókstjaki með kúlu á endanum.
3. Tvö austurtrog og svampur.
4. Vatnsþétt vasaljós til merkjagjafar.
5. Merkjagjafaspegill til dagnota.
6. Leiðbeiningar um merkjagjafir.
7. Leiðbeiningar hvernig lifa megi af í björgunarfari.
8. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys.
9. Tvö flothæf reykmerki til dagnota.
10. Flauta til hljóðmerkjagjafar.
11. Tvö rekakkeri með langri, sterkri línu.
12. Tvær nægjanlega langar, sterkar bátsfestar.
13. Tvær 30 m flotlínur með kasthring.
14. Vatnsþétt ílát með 1,5 l á mann, eða með 1 l á mann ásamt tæki til að framleiða 0,5 l af vatni á mann á tveim dögum. Einnig ryðfrítt drykkjarílát í taug fest við bátinn.
15. Matarskammtur (minnst 10.000 kj = kílójoule) á hvern mann, sem báturinn rúmar, í loftþéttum og vatnsþéttum umbúðum.
16. Lyfjaskrín nr. 4\*, skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.  
\* sjá gr. 4.1.6. í rg. um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, nr. [365/1998](#). sjá lista yfir sjúkröggn í viðauka I flokki D
17. Flothæfur öryggishnífur.
18. Þrír dósaopnarar.
19. Varmapoki fyrir hvern mann, sem báturinn ber.
20. Radarspegill.
21. Fiskilína ásamt sökku og öngli.
22. Viðgerðarsett til viðgerða á lofthólfum.
23. Lofthanddæla.
24. Vélknúnir slöngubátar skulu til viðbótar ofangreindu vera búnir handslökkvitæki til nota á olíuelda.
25. Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 5., 15., 20., og 21. tl.

**[II. viðauki**  
**Reglur úr III. kafla SOLAS um gerð björgunarbúnaðar**  
**(Hluti IV - Björgunarför, 38. regla. Almenn ákvæði um björgunarfleka)**

**Regla 38.6**

6. Sjóstýrður búnaður björgunarfleka.
- 6.1. Fyrirkomulag fangalínu.  
Fangalína skal tengja björgunarfleka við skipið og skal henni komið þannig fyrir að tryggt sé að losaður og uppblásinn björgunarflekinn dragist hann ekki niður með sökkvandi skipi.
- 6.2. Veikur hlekkur.  
Ef veikur hlekkur er notaður í sjóstýrðum búnaði skal hann:
  1. ekki slitna við þann kraft sem þarf til að draga fangalínuna út úr hylki björgunarflekans;
  2. ef við á, hafa nægilegan styrkleika til að unnt sé að blása björgunarflekann upp;
  3. slitna við átak sem nemur 2,2 0,4 kN.
- 6.3. Þrýstistýrður losunarbúnaður.  
Ef þrýstistýrður losunarbúnaður er notaður í sjóstýrða búnaðinum skal hann:
  1. smíðaður úr hentugu efni sem tryggir virkni búnaðarins. Galvanisering eða önnur málmhúðun á hlutum sjóstýrða losunarbúnaðarins er óheimil;
  2. losa björgunarflekann sjálfkrafa á minna en 4 m dýpi;
  3. búinn frárennslisopum til að koma í veg fyrir að vatn safnist fyrir í búnaðinum þegar hann er í eðlilegri stöðu;
  4. smíðaður þannig að sjór sem gengur yfir búnaðinn losi ekki björgunarflekann;
  5. varanlega merktur að utanverðu með framleiðslugerð og raðnúmeri;
  6. afhentur með skírteini eða skráningarplötu þar sem fram koma upplýsingar um framleiðsludag, gerð og raðnúmer; og
  7. gerður þannig að sérhver hlutur sem tengdur er fangalínunni hafi a.m.k. sama styrkleika og krafist er að fangalínan hafi.]<sup>12)</sup>

**[III. viðauki**  
**Prófunar- og viðurkenningarkröfur fyrir**  
**losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.**

**A-hluti**  
**Prófunarkröfur.**

**1. Almenn.**

Losunar- og sjósetningarbúnaður skal flokkaður og prófaður samkvæmt prófunaraðferð NT MEC 032 í samræmi við breytingar á framkvæmd prófana dagsettum 03.02.1998. Prófunarmat er mat á prófunarþörf þar sem er m.a. tekið tillit til áður gerðra prófana og hvort beita skuli prófunaraðferðinni í heild sinni eða hvort búnaðurinn gefi tilefni til frávika. Prófunarmatið er á gátlista með prófunar- og viðurkenningarkröfum. Framleiðandi losunar- og sjósetningarbúnaðar skal upplýsa Siglingastofnun Íslands um prófunaraðila. Prófunaraðili skal vera viðurkenndur prófunaraðili og ákveður hann prófunaraðferð í samráði við Siglingastofnun.

**2. Flokkun og yfirferð.**

Prófun skal framkvæmd samkvæmt prófunaraðferð en að auki bætist við útfylling á gátlista og ákvörðun um umfang þeirra prófana sem fram þurfa að fara. Ganga skal úr skugga um að búnaðurinn hafi þá virkni sem gildandi reglur krefjast.

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

### 3. Álagsprófun.

Álagsprófun skal framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Ennfremur skal fjarstýrð losun álagsprófuð frá losunarhandfangi með 2,2 x 200 N átaki í 5 mínútur. Þar sem markmið prófunar er að líkja eftir álagi við notkun skal prófunin framkvæmd á þann hátt að búnaðurinn er ræstur og látinn framkvæma þá vinnu sem hann er gerður fyrir einu sinni með bátshylkislíkaninu sem er 2,2 x þyngd stærsta báts sem búnaðurinn er gerður fyrir. Þyngdardreifingin í bátshylkislíkaninu skal vera samsvarandi og í þeim bát sem miðað er við. Eftir prófunina er búnaðurinn skoðaður og mega ekki sjást nein merki um aflögun, skemmdir eða aðrar breytingar.

### 4. Virkniþrófun.

Prófunin skal framkvæmd samkvæmt prófunaraðferð við 18 til 20°C lofthita. Búnaðurinn skal virka eðlilega í öllum prófunum og skulu átök og færslur skráðar í prófunarskýrslur í samræmi við prófunaraðferð og vera innan þeirra marka sem þar er lýst. Fjarstýring skal prófuð í samræmi við prófunaraðferð. Af 5 prófunum má ein prófun sýna mest 220 N átak en að öðru leyti vísast til prófunaraðferðar. Heimilt er skipum undir 15 metrum að lengd að tengja ræsingu uppblásturs við fjarstýrða eða sjálfvirka losun. Sé uppblástur gúmmíbjörgunarbáts tengdur fjarstýrðri losun og ræsingu skal hún virkniþrófuð í samræmi við prófunaraðferð.

*Losunar- og sjósetningarbúnaður:*

Prófa skal handvirka ræingu 10 sinnum en fjarræingu 5 sinnum eins og prófunaraðferð mælir fyrir um. Ræsibúnaður uppblásturs gúmmíbjörgunarbátsins skal ekki rýra aðra virkni fjarstýri- og/eða sjálfvirka búnaðarins. Ekki skal þessi frágangur hindra hefðbundna sjósetningu gúmmíbjörgunarbátsins eða leiða það af sér að hefðbundin sjósetning verði hættuleg.

*Prófun sjálfvirkis losunarbúnaðar með losun á geymslustað:*

Handvirk losun skal prófuð 10 sinnum í samræmi við prófunaraðferð.

*Losunarbúnaður:*

Prófa skal handvirka losun 10 sinnum og fjarræingu 5 sinnum eins og prófunaraðferð mælir fyrir um.

### 5. Hitasveifluþrófun.

Hitasveifluþrófun skal framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Búnaður telst hafa staðist hitasveifluþrófun ef hann hefur virkað eðlilega í öllum prófunum og ef átök og færslur sem þurftu til að framkvæma virkniþrófanirnar eru innan skilgreiningarinnar á einu handtaki á sama hátt og í virkniþrófun. Prófunin er framkvæmd á þann hátt sem prófunaraðferðin segir til um ef prófunarmat gefur tilefni til. Þó skal sleppa því að prófa virkni búnaðar 5 sinnum eftir prófun við +65°C. Búnaðurinn skal standa yfir nótt við stofuhita eftir prófun við +65°C áður en prófað er við -30°C.

### 6. Ferilmæling.

Ferilmæling skal aðeins gerð fyrir losunar- og sjósetningarbúnað skipa stærri en 15 metrar og framkvæmd eins og prófunaraðferð gerir ráð fyrir.

*Ofansjávarmælingar.*

Ofansjávarmælingar skulu framkvæmdar í samræmi við prófunaraðferð. Mældir skulu ferlar við hallahornin 0° og +20°. Ennfremur skal búnaðurinn ræstur við hallahornin +60°, -60° og +90° en ekki er skylt að gera ferilmælingar við þessi 3 hallahorn. Í þessum 3 prófunum skal búnaðurinn framkvæma alla þá vinnu sem hann er gerður fyrir, þ.e. að losa gúmmíbjörgunar-bátinn frá geymslustað sínum, færa hann úr sæti sínu og ræsa uppblástur gúmmíbjörgunar-bátsins. Búnaðurinn skal vinna eins og ætlast er til í öllum prófunum á eðlilegum tíma. Við mat á ferlum úr þessari prófun og ferilmælingu með uppblæstri til ákvörðunar á getu og staðsetningu búnaðarins, skal búnaðurinn uppfylla eftirfarandi: Að ysta brún bátshylkisins sé ekki nær síðu skipsins en 0,2 metrar við upphaf prófunar. Að neðsta brún hylkis gúmmíbjörgunar-bátsins sé a.m.k. 0,3 metrar fyrir ofan öldustokk eða þróm þilfars þegar hann fer út yfir síðu skipsins og að hraði og kraftur hylkisins sé nægjanlegur til að skila gúmmíbjörgunar-bátinum niður á yfirborð sjávar þó að skipið hafi 20° slagsíðu í gagnstætt borð og yfirborð sjávar sé 4 metrum neðan við

þann stað sem gúmmíbáturinn fer út yfir síðu skipsins. Krafan er að gúmmíbjörgunarbatúrin og/eða hylki hans komist út á yfirborð sjávar. Þetta er óháð því hvort gúmmíbjörgunarbatúrin eða hylki hans komi við síðu skipsins á leið sinni út á yfirborð sjávar.

Ferilmælingar ofansjávar eru framkvæmdar í samræmi við prófunaraðferð við hallahornin  $0^\circ$  og  $20^\circ$ . Fimm mælingar eru gerðar við hvert hallahorn og ferlar metnir samkvæmt fyrir-mælum í prófunaraðferð. Að auki er búnaðurinn virkniprófaður við  $+60^\circ$ ,  $-60^\circ$  og  $+90^\circ$ , þrisvar sinnum við hvert hallahorn. Búnaðurinn skal þá alltaf við ræsingu vinna eins og ætlast er til á eðlilegum tíma. Framleiðandi skal leggja fram "feril hnit (x;y)" fyrir hverja gerð búnaðar miðað við framangreindar forsendur.

#### *Neðansjávarmælingar.*

Búnaðurinn skal virkniprófaður neðansjávar við þær aðstæður og svo oft sem lýst er í þessum hluta prófunaraðferðarinnar. Siglingastofnun krefst ekki ferilmælinga neðansjávar en krefst þess að búnaðurinn framkvæmi þá vinnu sem hann er gerður fyrir í öllum tilfellum, þ.e. að losa festingar gúmmíbjörgunarbatúsins á geymslustað sínum, færa hann úr stað og ræsa uppblástur gúmmíbjörgunarbatúsins. Ræsing neðansjávar skal framkvæmd við öll horn samkvæmt prófunaraðferð. Ræsa skal 3 sinnum við hvert horn.

#### *Ferilmæling með uppblæstri.*

Ferilmæling með uppblæstri skal einungis framkvæmd ofansjávar. Niðurstöður þeirrar mælingar skulu metnar á sama hátt og getið er um í ofansjávarmælingu. Ferilmæling með uppblæstri skal framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð einu sinni ofansjávar. Heimilt er að mælingin fari fram um leið og ofansjávarmæling við hallahornið  $0^\circ$  þar sem sama uppstilling er notuð. Ekki er krafist ferilmælingar með uppblæstri neðansjávar.

### **7. Ísingarprófun.**

Prófun losunar- og sjósetningarbúnaðar skal framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð. Búnaðurinn skal vinna eðlilega við þessa prófun. Hafi búnaðurinn ekki unnið eins og ætlast er til innan 3 mínútna frá því að hann var ræstur skal prófun hætt og telst búnaður þá ekki hafa staðist prófið.

### **8. Tæringarprófun.**

Ef niðurstæða við flokkun og yfirferð er sú að búnaður skuli fara í tæringarprófun skal tæringarprófun framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Heimilt er þó að prófa aðeins hluta úr búnaði ef prófunarmat gefur tilefni til.

### **9. Titringsprófun.**

Ef niðurstöður flokkunar og yfirferðar samkvæmt prófunaraðferð eru þær að búnaður skuli fara í titringsprófun skal titringsprófun framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Heimilt skal þó að prófa aðeins hluta úr búnaði ef mat samkvæmt forskrift gefur tilefni til þess.

### **10. Sjálfvirkniprófun.**

Ef búnaðurinn er sjálfvirkur skal sjálfvirkniprófun framkvæmd í samræmi við prófunaraðferð og niðurstöður prófunarmats. Ef þrýstistýrð losunareining er hluti af búnaði skal hún enn fremur prófuð. Ef búnaðurinn er þrýstistýrður skal hann losa gúmmíbjörgunarbatúrin áður en búnaðurinn nær 4 metra dýpi. Ef búnaðurinn er háður öðrum breytistærðum en þrýstingi sjávar skal hann losa gúmmíbjörgunarbatúrin á innan við 15 sekúndum frá því að búnaðurinn er umlukinn sjó. Ef uppblástur gúmmíbjörgunarbatúsins er tengdur sjálfvirkri losun skal hann prófaður í sjálfvirkniprófun og skal ræsibúnaður vinna í öllum prófunum.

### **11. Sérstakarprófanir.**

Prófanir skulu framkvæmdar samkvæmt prófunaraðferð eins og viðkomandi búnaður gefur tilefni til. Siglingastofnun Íslands getur krafist annarra prófana sé viðkomandi búnaður

þannig að sérstök ástæða þyki til að mati stofnunarinnar. Prófanir gerðar undir þessum lið skulu gerðar í samræmi við viðeigandi prófunaraðferðir.

## **B-hluti** **Viðurkenningarkröfur.**

### **12. Gæðaeftirlit.**

Framleiðandi búnaðar skal áður en framleiðsla hefst hafa komið á viðurkenndu gæðaeftirlitskerfi og upplýsa Siglingastofnun Íslands um eftirlitskerfið og hver hafi eftirlit með því. Gæðakerfið skal veita fullvissu um að búnaðurinn uppfylli gerðar kröfur og að hann sé í samræmi við frumgerð við lokaskoðun. Framleiðandi skal áður en viðurkenning er gefin út leggja fram til viðurkenningar skoðunarleiðbeiningar fyrir búnaðinn þar sem fram kemur hvaða atriði skulu skoðuð, hvernig þau skuli skoðuð og hvernig þau skuli dæmd. Með hverjum búnaði skal fylgja vottorð framleiðanda þar sem fram kemur hvaða kröfur búnaðurinn uppfyllir. Ennfremur skal skoðunarhandbók fylgja með hverjum búnaði.

### **13. Grunnkröfur um eftirlit með búnaði í notkun.**

Losunar- og sjósetningarbúnað skal skoða árlega. Skoðun búnaðarins skal framkvæmd í samræmi við samþykktar skoðunarleiðbeiningar framleiðanda. Ekki sjaldnar en á 5 ára fresti skal sjósetningarbúnaður virkniprófaður með báthylkislíki að sömu þyngd og sá bátur sem er í búnaðinum. Framleiðendur eða umboðsmenn þeirra skulu safna saman og senda árlega til Siglingastofnunar Íslands upplýsingum um skoðun á þeim búnaði sem þeir framleiða. Skoðunarmaður skal varðveita skoðunarvottorð í 5 ár frá skoðun.

### **14. Skoðunarleiðbeiningar.**

Skoðunarleiðbeiningar skulu innihalda eftir því sem við á:

- Leiðbeiningar um framkvæmd skoðana.
- Verkfæralista yfir verkfæri, sem þarf til að framkvæma skoðun.
- Varahlutalista búnaðar.
- Viðgerðarleiðbeiningar.
- Gátlista skoðunar.
- Þau fyrirmæli og reglur sem Siglingastofnun Íslands telur nauðsynleg.

Framleiðendur skulu sjá um að koma til skoðunarmanna, sem eru viðurkenndir af Siglingastofnun, þeim upplýsingum er varða skoðun búnaðar og ef breytingar hafa verið gerðar á búnaði.

## **C-hluti** **Staðsetning og fyrirkomulag.**

### **15. Staðsetning.**

Almennt gildir að björgunarför skulu vera aðgengileg. Björgunartæki skal staðsetja sem næst vistarverum áhafnar og þar sem áhöfn er að jafnaði við störf. Björgunarför skulu staðsett þannig að hægt sé að sjósetja þau beint frá geymslustað og að ekki sé hætt á að þau verði fyrir skemmdum vegna venjulegrar starfsemi skipsins. Hvorki stöðir, stög né aðrar hindranir mega koma vera í vegi fyrir losun og sjósetningu björgunarfara. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir þannig að ekki skapist hætt vegna opa sem gerð eru í borðstokka og handrið vegna staðsetningar björgunarfara. Þess skal gætt að björgunarför geti ekki lent undir þilförum eða skorðast af undir handriðum eða mastursstögum á leið sinni í sjóinn.

### **16. Samþykkt á staðsetningu og fyrirkomulagi um borð í skipum.**

Staðsetning og fyrirkomulag losunar- og sjósetningarbúnaðar er háð samþykki Siglingastofnunar Íslands. Áður en uppsetning er hafin skal liggja fyrir samþykki Siglingastofnunar um fyrirhugaða staðsetningu búnaðarins um borð í skipinu. Losunar- og sjósetningarbúnaður svo og fylgihlutir hans skulu settir upp í samræmi við viðurkenningu búnaðarins og skal tekið tillit til ferilmælinga í prófunum. Losunar- og sjósetningarbúnaður skal staðsettur þannig að hann sé vel aðgengilegur til notkunar, eftirlits og viðhalds. Ekkert sem snýr að uppsetningu eða staðset-

Sé munur á texta hér og í birtri reglugerð í Stjórnartíðindum, þá gildir texti Stjórnartíðinda.

ingu búnaðarins skal hindra þá virkni búnaðarins að hann geti sjósettt gúmmíbjörgunarbát þó skipið hafi allt að 10° stafnhalla á hvorn veginn og allt að 20° slagsíðu til hvorrar hliðar. Ennfremur skal vera hægt að sjósetja gúmmíbjörgunarbatinn með handaflí. Búnaðurinn skal vera þannig staðsettur og uppsettur að ekki skapist slysaætta af honum eða notkun hans. Búnaður sem þannig er gerður, að armar falla yfir gangveg og sambærilegur búnaður, skal þannig fyrir komið að lágmarkshæð frá gangvegi upp í arminn í lokastöðu skal vera minnst 2,2 metrar. Við staðsetningu skal þess gætt að nægjanlegt svæði til athafna, a.m.k 0,35 m, sé fyrir framan og aftan gúmmíbjörgunarbatinn til þess að hægt sé að sjósetja hann með handaflí.] <sup>13)</sup>

#### Tilvísanir:

- 1) 1. gr. rg um br. á ýmsum rg. vegna rg. nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og rg. nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 667/2001.
- 2) 1. gr. reglna um br. á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 337/1997.
- 3) 2. gr. reglna um br. á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 337/1997.
- 4) 2. gr. rg. um br. á ýmsum rg. vegna rg. nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og rg. nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 667/2001.
- 5) 1. gr. reglna um br. á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 314/1998.
- 6) 1. gr. rg. um br. á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 714/1995.
- 7) 2. gr. reglna um br. á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 714/1995.
- 8) 3. gr. rg. um br. á ýmsum rg. vegna rg. nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og rg. nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 667/2001.
- 9) 4. gr. rg. um br. á ýmsum rg. vegna rg. nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og rg. nr. 26/2000 um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, nr. 667/2001.
- 10) 1. gr. reglna um br. á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994 með síðari breytingum, nr. 147/2000.
- 11) 1. gr. reglna um br. á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994 með síðari breytingum, nr. 891/1999.
- 12) 3. gr. reglna um br. á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994 með síðari breytingum, nr. 891/1999.
- 13) 3. gr. reglna um br. á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994 með síðari breytingum, nr. 891/1999.
- 14) 1. gr. reglna um br. á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994 með síðari breytingum, nr. 603/2004.
- 15) 2. gr. reglna um br. á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 189/1994 með síðari breytingum, nr. 603/2004.
- \*) Siglingastofnun Íslands í stað Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. lög um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996.